

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Rangárþingi ytra.

Uxahryggur 1, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 16. ágúst 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði úr jörðinni Uxahryggur 1. Deiliskipulagið tekur til breytinga þar sem bætt verði við byggingarreitum og nýrri aðkomu á jörðina Uxahrygg þar sem gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, einum reit á Uxahrygg 1, lóð, og einum reit á Uxahrygg, lóð 2.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ægissíða 4, L165440, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 16. ágúst 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði úr jörðinni Ægissíðu 4. Fyrirhuguð er áframhaldandi uppbygging ferðaþjónustu á svæðinu, annars vegar afþreyingarferðaþjónustu og þá aðallega í tengslum við hellaskoðunarferðir, hins vegar gistiþjónustu með því að fjölga sumarhúsum á svæðinu.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 12. október 2023.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.